

L Ö G

15
6. júlí

um

viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Hlunnindi þau, sem felast í lögum nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verk-
kaups, skulu einnig ná til kaupgjalds og aksturslauna bifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

S. Kristínsson.

L Ö G

16
6. júlí

um

heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni
skirteini til vélstjórnar á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni vél-
stjóra skirteini til þess að vera vélstjóri á gufuskipum og mótorskipum, sem